

# Stjórnarfundur FEB nr. 487, þriðjudagur 5.9.2023 kl. 13:30 að Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

**Mættir:** Ingibjörg Sverrisdóttir, Árni Gunnarsson, Ástrún Björk Ágústsdóttir, Gunnar Magnússon, Ingibjörg Óskarsdóttir, Kári Jónasson, Sigurbjörg Gísladóttir, Stefanía Valgeirsdóttir og Viðar Eggertsson

**Fjarverandi:** Kolbrún Stefánsdóttir sem er í veikindaleyfi

Einnig sat fundinn, Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB.

1. Stjórnarfundargerð nr. 486 var rædd og síðan undirrituð og samþykkt.

2. Árskógar 1 og 3

Umbeðin gögn hafa enn ekki borist frá húsfélaginu og því ekki hægt að taka afstöðu til málsins.

3. Fréttir af skrifstofu FEB

Lífleg starfsemi hefur verið í sumar og góð þátttaka í öllum þeim ferðum sem boðið hefur verið uppá. Ýmist viðhald var framkvæmt á húsi, bílastæði og lóð.

Mikið að gera og starfsmenn á skrifstofu hafa staðið sig afsþyrnu vel og þakkar stjórn þeim vel unnin störf

4. Kjaramál

a. Formaður FEB mun standa fyrir námskeiði fyrir stjórnarmenn um kjaramál þann 26.9. næstkomandi kl. 13.30-15.30.

b. LEB verður með málþing um kjaramál þann 2.10. næst komandi kl. 13:00-16:00 í Grósku

5. Skipulag nefnda

Halda þarf áfram og klára að úrfæra erindisbréf fyrir þær nefndir er starfa á vegum FEB. Þrír stjórnarmenn ásamt framkvæmdastjóra koma að vinnunni.

6. Fyrir fundinum liggur fundargerð fulltrúaráðs LA sem haldinn var 31.ágúst síðastliðinn.

Nú er Vatnsholtið að fullu leigt út og búist er við að íbúðir á Akranesi verði tilbúnar til útleigu um áramótin.

Fulltrúi FEB í LA sagði frá starfseminni sem gengur ágætlega. LA er sjálft að innheimta leigu en Leigufélagið Bríet hætti við samstarf sem þó var vel á veg komið. Ekki er vitað hvað það var sem kom uppá. Fundarmenn eru sammála að mikilvægast af öllu er að hlúa að rekstri leigufélags aldrei og tryggja umgjörð þess til framtíðar.

FEB þarf að skipa nýtt fulltrúaráð í ljósi þess að nú eru komnir leigjendur í húsið sem eiga rétt á setu í ráðinu.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 15:30

Fundargerð ritaði

Ástrún Björk Ágústsdóttir

Ingibjörg Sverrisdóttir  
Ingibjörg Óskarsdóttir  
Kári Jónasson  
Árni Gunnarsson

Viðar Eggertsson  
Stefanía Valgeirsdóttir  
Sigurbjörg Gísladóttir